Æðaskurðlækningafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2189
komudagur 26. 5. 2006

Reykjavík 18. maí 2006
SEM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Efni: Frumvarp til laga um almannatryggingar, 792. mál, samningar við sérgreinalækna**

Æðaskurðlækningafélag Íslands (ÆSFÍ) fékk til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar, 792. mál. Stjórn Læknafélags Reykjavíkur tók ofangreint frumvarp einnig til umfjöllunar á fundi sínum hinn 16. maí sl. Í kjölfar þess var send hjálögð greinargerð (sjá samrit).

ÆSFÍ er efnislega sammála þeirri greinargerð og vísar til hennar varðandi afstöðu sína til máls þessa. ÆSFÍ vill einnig taka fram að lagatexti þessi er torskilinn lagatæknilega og óljóst er hver megin tilgangur þessarar lagasetningar er en vísar til lokamálsgreinar greinargerðar LR alþingismönnum til umhugsunar:

> *"Þó má vekja á því athygli að samkvæmt uppsetningunni eru landsmenn ekki sjúkratryggðir nema kveðið sé sérstaklega á um sjúkratryggingar í lögum, reglugerðum eða samningum. Það má rökstyðja að kerfið ætti að vera með þeim hætti að landsmenn séu sjúkratryggðir en að kveða megi á um greiðsluþátttöku sjúklinga í lögum, reglugerðum eða samningum".*

Virðingarfyllst
F.h. stjórnar ÆSFÍ

Stefán E. Matthíasson formaður
Æðaskurðlækningafélags Íslands